

Kaupréttaráætlun

fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn
Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Stjórn Sjóvár-Almennra trygginga hf., kt. 650909-1270, Kringlunni 5, 103 Reykjavík („félagið“), gerir svofellda áætlun um kauprétt forstjóra, æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins („rétthafar“) samkvæmt mati stjórnar félagsins og eftir atvikum dótturfélaga á hlutum í félaginu:

1. MARKMIÐ

- 1.1. Markmið kaupréttaráætlunar þessarar er að tengja hagsmuni rétthafa við afkomu og langtíamarkmið félagsins og hluthafa þess, auk þess að styðja við árangur félagsins bæði gagnvart fjárhagslegum markmiðum og stefnumarkandi markmiðum í rekstri félagsins. Henni er ætlað að samræmast góðum viðskiptaháttum í váttryggingarekstri og heilbrigðum og traustum rekstri.
- 1.2. Kaupréttaráætlun þessi er gerð í samræmi við starfskjarastefnu félagsins.
- 1.3. Með samningum gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar gefst rétthöfum félagsins kostur á að kaupa hlutabréf í félaginu á fyrir fram skilgreindu verði.

2. KAUPRÉTTARHAFAR

- 2.1. Rétthafar geta verið forstjóri, æðstu stjórnendur og aðrir starfsmenn félagsins samkvæmt mati stjórnar félagsins á hverjum tíma og félaga í sömu samstæðu, sbr. lög um ársreikninga, samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Starfsmenn áhættustýringar, starfssviðs tryggingastærðfræðings, regluvörslu og innri endurskoðunar geta þó ekki verið rétthafar.
- 2.2. Starfskjaranefnd félagsins skal gera tillögu til stjórnar um hvaða starfsmönnum félagsins skal veita kauprétt hverju sinni. Að fenginni tillögu starfskjaranefndar skal stjórn taka ákvörðun um veitingu kaupréttar og er stjórn heimilt að víkja frá tillögu starfskjaranefndar, enda sé ákvörðun þar að lútandi sérstaklega rökstudd.

3. UMFANG KAUPRÉTTARÁÆTLUNAR OG FORSENDUR

- 3.1. Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétt vegna á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar er 23.234.038. Stjórn, að fenginni umsögn starfskjaranefndar, ákveður hverju sinni þann fjölda hluta sem hver rétthafi hefur rétt á að kaupa. Heimilt er að úthluta kaupréttum bæði reglulega og í einstökum tilvikum á síðari stigum ef svo ber undir, m.a. ef kaupréttir falla úr gildi fyrir ávinnsluglag. Forstjóri getur að hámarki átt rétt á kaupréttarsamningum sem nemur 20% af úthlutuðum hlutum en aðrir stjórnendur og lykilstarfsmenn að hámarki 10% hver af úthlutuðum hlutum á hverjum tíma.

- 3.2. Við gerð kaupréttarsamninga á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar skal almennt miða við að fjárhagslegir mælikvarðar um árangur (s.s. um arðsemi eiginfjár félagsins, eiginfjárlutfall, samsett hlutfall, lausafjárlutfall og annan rekstrarárangur) vegi um 50%, en um 50% ráðist af stefnumarkandi markmiðum í rekstri félagsins, s.s. fylgni við lög og reglur, kostnaðarvitund, umbótavilja, ánægju viðskiptavina og áhættuvitund starfsmanns.
- 3.3. Samningur um kauprétt verður gerður við hvern rétthafa á því formi sem stjórn ákveður hverju sinni, þó innan ramma kaupréttaráætlunar þessarar.

4. RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 4.1. Hlutum keyptum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu.
- 4.2. Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunar þessarar, verður kveðið á um að kaupréttur ávinnist á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings en nýtingu kaupréttar verður dreift yfir þrjú ár að ávinnslutímabili loknu, sbr. 4. og 6. gr.
- 4.3. Stjórn er heimilt að krefjast þess að rétthafar haldi eftir hlutum, eftir nýtingu kaupréttar samkvæmt kaupréttarsamningum. Forstjóra og æðstu stjórnendum félagsins ber að halda eftir hlutum sem nema fjárhæð hreins hagnaðar af nýttum kaupréttum, þegar skattar hafa verið dregnir frá, þar til eftirfarandi fjárhæðarviðmiðum er náð, mælt í virði hlutafjáreignar í félaginu sem margfeldi af grunnárslaunum: forstjóri 12 sinnum mánaðarlaun; aðrir æðstu stjórnendur 6 sinnum mánaðarlaun.
- 4.4. Komi til þess að breyting verði á yfirráðum í félaginu, sbr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, ávinnast allir útistandandi kaupréttir þegar í stað (flýting ávinnslutíma).
- 4.5. Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við kaupréttarkerfið. Þá mega rétthafar ekki eiga viðskipti, t.d. afleiðuviðskipti, í því skyni að verja sig fyrir áhættu vegna kaupauka.
- 4.6. Í kaupréttarsamningum gerðum á grundvelli þessarar kaupréttaráætlunar verður kveðið á um að kaupréttur sé ekki framseljanlegur og ekki er heimilt að veðsetja hann.

5. ÁVINNSLA KAUPRÉTTA

- 5.1. Kaupréttur hvers rétthafa ávinnst þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings.
- 5.2. Almennt séð falla kaupréttir niður ef ráðningarsambandi rétthafa við félagið er slitið fyrir lok ávinnslutíma. Félaginu er heimilt að fella niður þetta skilyrði, m.a. ef rétthafi andast eða hættir störfum vegna atvika sem rétthafa verður ekki kennt um. Eftir ávinnslutíma fellur áunninn kaupréttur ekki niður fyrr en nýtingartímabili lýkur.

- 5.3. Stjórn félagsins skal heimilt að takmarka, afturkalla eða endurkrefja rétthafa um kaupauka við aðstæður eins og þær er rétthafar bregðast starfsskyldum sínum og valda féluginu tjóni.

6. KAUPVERÐ

- 6.1. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttaráætlun þessari skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings. Endanlegt kaupverð hluta, reiknað út í samræmi við framangreint, skal tilgreint í hverjum kaupréttarsamningi.
- 6.2. Kaupverðið skal hækka árlega m.t.t. stýrivaxta (meginvaxta) Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma frá gerð kaupréttarsamnings og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil, en vextir skulu ekki reiknaðir frekar ef rétthafi kys að fresta nýtingu kaupréttar til síðara nýtingartímabils, sbr. gr. 7.2. Þrátt fyrir framangreint skal aldrei miða við lægri vexti en 4%.
- 6.3. Greiði félagið arð (eða aðra samsvarandi úthlutun) til hluthafa eða verði hlutafé félagsins breytt vegna samruna eða með útgáfu jöfnunarhluta eða samsvarandi útgáfu hluta, þ.m.t. skiptingu hluta (e. stock split) áður en kaupréttur er nýttur, að hluta eða öllu leyti, skal útistandandi kaupréttur breytast þannig að kaupgengi skal aðlagð í samræmi við breytingar á hlutafé.
- 6.4. Nýti rétthafi kauprétt sinn skal hlutafé staðgreitt.

7. NÝTING OG AFHENDING HLUTA

- 7.1. Kaupréttarsamningar munu skilgreina nýtingartímabil en miðað verður við að það verði tiltekinn fjöldi viðskiptadaga eftir birtingu ársuppgjörs og hálfársuppgjörs. Nýtingartímabilin taka yfir þrjú ár og verður fyrsta nýtingartímabilið miðað við fyrsta ársuppgjör eða hálfársuppgjör eftir að þrjú ár eru liðin frá gerð kaupréttarsamnings. Annað nýtingartímabilið verður miðað við ársuppgjör eða hálfársuppgjör næsta almanaksárs þar á eftir og það þriðja miðað við ársuppgjör eða hálfársuppgjör ári síðar.
- 7.2. Rétthafi getur nýtt sér 1/3 áunnins kaupréttar á fyrsta nýtingartímabili, 1/3 á öðru nýtingartímabili og 1/3 á þriðja nýtingartímabili. Þó skal rétthafa heimilt að fresta nýtingu sinni á fyrsta og/eða öðru nýtingartímabili til næsta nýtingartímabils eða þess þriðja. Að loknu þriðja nýtingartímabili falla allir ónýttir kaupréttir niður.
- 7.3. Við nýtingu kaupréttar skal stjórn þá í framhaldi afhenda hlutafé, gegn greiðslu kaupverðsins.

7.4. Til fullnustu á skyldum sínum samkvæmt samningum gerðum á grundvelli áætlunar þessarar er gert ráð fyrir að hluthafafundur veiti stjórn heimild til að gefa út nýja hluti í félaginu til rétthafa vegna nýtingar á kauprétti eða að félagið nýti eigin hluti.

8. HEIMILD TIL NIÐURFELLINGAR ÁÆTLUNAR

8.1. Stjórn félagsins skal, ef ríkar ástæður mæla með því, vera heimilt að fella niður áætlun þessa í heild og gildir þá sama um öll réttindi og skyldur sem af henni má leiða. Heimild stjórnar skal virkjast í eftirtöldum tilvikum:

- a) Vegna slita félagsins.
- b) Komi til fjárhagslegrar endurskipulagningar.
- c) Óski félagið eftir heimild til greiðslustöðvunar eða leiti nauðasamninga.
- d) Í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.

8.2. Taki stjórn ákvörðun um niðurfellingu kaupréttaráætlunar þessarar falla niður öll réttindi og skyldur sem af kaupréttaráætluninni og kaupréttarsamningum má leiða án þess að sú ákvörðun leiði til bótaábyrgðar fyrir félagið.

9. FYRIRVARI VEGNA AFHENDINGAR HLUTABRÉFA OG ÁSKILNAÐUR UM LÖGMÆTI

9.1. Áætlun þessi, kaupréttarsamningar og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhöfum skulu ávallt vera bundnar því skilyrði að félagið geti afhent hlutabréf til að efna samninga.

9.2. Greiðsla kaupauka og gerð samninga um kaupauka skal ávallt háð skilyrðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, reglugerðar nr. 55/2022 og reglum settum samkvæmt þeim.

10. SAMÞYKKT ÁÆTLUNAR

10.1. Gerð kaupréttaráætlunar þessarar verður lögð fram til samþykktar á hluthafafundi félagsins sem haldinn verður þann 12. mars 2026.

10.2. Stjórn Sjóvár-Almennra trygginga hf. samþykkti kaupréttaráætlun þessa á stjórnarfundi sem haldinn var þann 12. febrúar 2026, því til staðfestu undirritar stjórnarformaður kaupréttaráætlunina, fyrir hönd stjórnar.

Reykjavík, 18. febrúar 2026

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður
Fh. stjórnar Sjóvár-Almennra trygginga hf.

Björgólfur Jóhannsson